



## Til sýslumannsins

í/á \_\_\_\_\_

## BEIÐNI UM NIÐURFELLINGU EÐA LÆKKUN AUKINS MEÐLAGS skv. 64. eða 65. gr. barnalaga nr. 76/2003

Móttökudagur:	Málsnúmer:
---------------	------------

FYLLIÐ ÚT MEÐ PRENTSTÖFUM:

Barn / Börn undir 18 ára aldri sem beiðnin varðar:		
Nafn barns:	Kennitala	
Forsjá barnsins er: [ ] hjá móður [ ] hjá föður [ ] sameiginleg	Barnið býr hjá: [ ] móður [ ] föður	Lögheimili er hjá: [ ] móður [ ] föður
Nafn barns:	Kennitala	
Forsjá barnsins er: [ ] hjá móður [ ] hjá föður [ ] sameiginleg	Barnið býr hjá: [ ] móður [ ] föður	Lögheimili er hjá: [ ] móður [ ] föður

Upplýsingar um móður:		
Fullt nafn samkvæmt þjóðskrá:	Kennitala:	
Lögheimili (gata/bær):	Netfang:	
Staður:	Póstnúmer:	Sími:

Upplýsingar um föður:		
Fullt nafn samkvæmt þjóðskrá:	Kennitala:	
Lögheimili (gata/bær):	Netfang:	
Staður:	Póstnúmer:	Sími:

	Greinargerð um fjárhag og félagslega stöðu undirritaðs / undirritaðrar:
1.	Voru foreldrar í hjúskap eða sambúð? [ ] Já. [ ] Nei.
2.	Núgildandi skipan meðlagsgreiðslna: - Samningur eða skjal sem geymir ákvörðun um greiðslu meðlags samkvæmt lið A) eða B) þarf að fylgja. A) [ ] Samningur um meðlag - Meðfylgjandi er [ ] skilnaðarleyfi [ ] staðfesting sýslumanns [ ] dómssátt. B) [ ] Úrskurður eða dómur - Meðfylgjandi er [ ] úrskurður sýslumanns/ráðuneytis [ ] dómur héraðsdóms/Hæstaréttar
3.	Menntun:
4.	Starf/starfshlutfall:
5.	Vinnuveitandi:
6.	Heildartekjur á yfirstandandi ári: Kr. _____ Heildartekjur á síðasta ári: Kr. _____ Heildartekjur á árinu þar á undan: Kr. _____ -Nauðsynlegt er að leggja fram afrit launaseðla eða sambærilegra gagna sem og staðfest ljósrit tveggja síðustu skattframtala.
7.	Fastar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins: Kr. _____ pr. mánuð. –Eintak eða afrit af síðasta greiðsluseðli skal fylgja.

	Greinargerð um fjárhag og félagslega stöðu - framhald:
8.	Eignatekjur, s.s. arðgreiðslur, húsaleiga, fjármagstekjur. Á yfirstandandi ári: _____ Samtals kr. _____ Á síðasta ári: _____ Samtals kr. _____ Á árinu þar á undan: _____ Samtals kr. _____ -Gerð skal grein fyrir tekjustofni og fjárhæð tekna vegna hvers þeirra ef fleiri en einn og láta fylgja gögn til staðfestingar.
9.	Er undirituð / undirritaður með fleiri börn sín á sínu framfæri en það / þau sem mál þetta snýst um? <input type="checkbox"/> Nei. <input type="checkbox"/> Já Nafn/nöfn og kennitölur barns/barna ef við á: _____ nafn kt. nafn kt.
10.	Búseta: <input type="checkbox"/> Eigð húsnæði <input type="checkbox"/> Leiguhúsnæði. Leiga á mánuði er: Kr. _____
11.	Ef krafa er gerð um að við úrlausn málsins verði tekið tillit til skerts aflahæfis og skertra tekjumöguleika vegna veikinda/örorku skal gerð grein fyrir því hér og lýsa áhrifum þessa á tekjumöguleika og aflahæfi, möguleikum til endurhæfingar og/eða bata (komi atriði þessi ekki fram í meðfylgjandi læknisvottorði).
12.	Ef krafa er gerð að við úrlausn málsins verði tekið tillit til sjúkdóms, fötlunar eða sérþarfa barns / barna, óskast gerð grein fyrir því hér (komi atriði þessi ekki fram í meðfylgjandi læknisvottorði).
13.	Hefur meðlagsgreiðandi lagt til framfærslu barns/barna umfram gildandi samning/sátt/úrskurð um meðlag? Ef svo er, skal koma fram hve mikið og yfir hvaða tímabil.
14.	Er meðlagsgreiðandi með umgengni umfram lágmarksungengni? <input type="checkbox"/> já <input type="checkbox"/> nei Ef svarað er játandi, gerið grein fyrir henni.
15.	Aðrar athugasemdir um fjárhaga og /eða félagslega stöðu sem óskað er eftir að koma á framfæri:

Erindið verður ekki tekið til meðferðar nema umbeðin gögn fylgi.	Nauðsynleg fylgiskjöl, samanber greinargerð:
	<input type="checkbox"/> Skjal til staðfestingar á núgildandi skipan meðlags (sjá lið 2). <input type="checkbox"/> Upplýsingar um tekjur yfirstandandi árs – Launaseðlar, greiðsluseðlar eða annað. (sjá lið 6). <input type="checkbox"/> Síðustu tvö skattframtöl - ljósrit staðfest af skattyfirvöldum (sjá lið 6).
	Önnur fylgiskjöl eftir því sem við á: <input type="checkbox"/> Síðasti greiðsluseðill Tryggingastofnunar (sjá lið 7). <input type="checkbox"/> Gögn vegna eignatekna (sjá lið 8). <input type="checkbox"/> Læknisvottorð (sjá lið 11 og 12). <input type="checkbox"/> Önnur gögn sem byggt er á _____

Ef gera á kröfu um breytingu á meðlagi aftur í tímann þarf skriflegur rökstuðningur þess að fylgja. Gjaldföllnu meðlagi verður ekki breytt, nema sérstaklega standi á.	Kröfugerð: Ég undirrituð / undirritaður fer fram á að ákveðið verði með úrskurði sýslumanns að meðlagsgreiðslur mínar til hins foreldrisins með ofangreindu barni / börnum mínum verði lækkaðar frá og með 1. næsta mánaðar frá móttökudegi þessa erindis hjá sýslumanni og verði meðlagið lækkað í <input type="checkbox"/> lágmarksmeðlag <input type="checkbox"/> _____ Tilgreinið ef krafa er gerð um annað
--	---

Ég undirrituð / undirritaður lýsi því yfir að ofangreindar upplýsingar eru gefnar samkvæmt bestu vitund minni.	
Staður og dagsetning:	Undirskrift málshefjanda:

## Ágreiningur um fjárhæð meðlags

Meðlag er framlag þess foreldris sem barn býr ekki hjá til framfærslu barnsins. Tryggingastofnun ríkisins ákveður fjárhæð barnalífeyris, og fylgir fjárhæð meðlags þeirri ákvörðun. Í september 2010 var fjárhæðin kr. 21.657. Stundum er þessi fjárhæð nefnd einfalt meðlag eða lágmarksmeðlag.

Hægt er að fara fram á það við sýslumann að meðlagsgreiðslur verði hærrí en einfalt meðlag og einnig er hægt að fara fram á að úrskurður eða samningur um meðlag umfram lágmarksmeðlag verði breytt til lækkunar. Sýslumaður úrskurðar ef foreldra greinir á um upphæð meðlagsins. Ekki er hægt að fara fram á að meðlag verði lægra en sem nemur lágmarksmeðlagi, né er hægt að fara fram á að meðlagsgreiðslur falli niður.

Krafa um hækkun eða lækkun meðlags er lögð fram á eyðublaði og þarf krefjandi m.a. að leggja fram með beiðninni staðfest ljósrit af tveimur síðustu skattframtölum sínum og upplýsingar, t.d. launaseðla vegna tekna á yfirstandandi ári.

Meðferð málsins felst í því að kynna gagnaðila kröfuna, gefa viðkomandi kost á að tjá sig og leggja fram gögn í málinu. Eftir atvikum fær málshefjandi þess kost að tjá sig um málflytning gagnaðilans. Ef gagnaðili sinnir ekki boðunum sýslumanns eða tilmælum um framlagningu gagna, getur sýslumaður krafist afhendingar ljósrits af skattframtali hans hjá hlutaðeigandi skattstjóra. Þegar málið er nægilega upplýst kveður sýslumaður upp rökstuddan úrskurð í málinu. Úrskurð sýslumanns er hægt að kæra til innanríkisráðuneytisins innan tveggja mánaða frá dagsetningu hans.

Við ákvörðun í málum vegna ágreinings um fjárhæð meðlags er tekið mið af þörfum barns og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra. Þá er höfð hliðsjón af viðmiðunarfjárhæðum um tekjur meðlagsgreiðanda sem innanríkisráðuneytið gefur út til notkunar við ákvarðanatöku af þessu tagi, sjá töfluna hér að neðan. Þær viðmiðunarfjárhæðirnar voru síðast gefnar út 28. september 2010, miðaðar við neysluvísitölu í septembermánuði 2010, 362,6 stig. Þess má geta að fjárhæð lágmarksmeðlags í september 2010 er 21.657 kr.:

Tekjur á mánuði, kr.	1 barn	2 börn	3 börn
394.000	Lml. + 50%	Lml. + 25%	
433.000	Lml. + 75%		
475.000	Lml. + 100%	Lml. + 50%	Lml. + 25%
524.000		Lml. + 75%	
576.000		Lml. + 100%	Lml. + 50%
633.000			Lml. + 75%
696.000			Lml. + 100%

Með skammstöfuninni "lml" í töflunni er vísað til lágmarksmeðlags. Samkvæmt töflunni er talið að foreldri með kr. 415.000 í heildarmánaðarlaun geti almennt greitt tvöfalt meðlag með einu barni, gefi atvik málsins ekki tilefni til annars.

Ef foreldrar fara sameiginlega með forsjá kunna framlög til framfærslu, önnur en meðlagsgreiðslur, af hálfu þess foreldris sem barn býr ekki hjá, að hafa áhrif á niðurstöðu máls vegna aukins meðlags. Sömuleiðis getur það haft áhrif ef umgengni er umfram lágmarksungengni, ef forsjá er sameiginleg.

Ákvæði um framfærslu barna og málsmeðferð er að finna í barnalögum og í greinargerð með barnalögum er einnig að finna nánari umfjöllun um efnið. Einnig vísað á vef sýslumannsins í Reykjavík, vef innanríkisráðuneytis og sameiginlegan vef sýslumanna þar sem eru eyðublöð og upplýsingar.

Sameiginlegur vefur sýslumanna: [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is)

Sýslumaðurinn í Reykjavík: [www.syslumadur.is](http://www.syslumadur.is)

Innanríkisráðuneytið: <http://www.innanrikisraduneyti.is/verkefni-raduneytis/barnalog/almennt/>

Barnalög nr. 76/2003: <http://www.althingi.is/lagasofn/nuna/2003076.html>

## ÚR BARNALÖGUM NR. 76/2003 - UM FRAMFÆRSLU BARNA

### **53. gr. - Framfærsluskylda foreldra o.fl.**

Skylt er foreldrum, báðum saman og hvoru um sig, að framfæra barn sitt. Framfærslu barns skal haga með hliðsjón af högum foreldra og þörfum barns.

Skylt er stjúpforeldri að framfæra stjúpbarn sitt svo sem eigið barn þess væri ef það fer með forsjá þess skv. 3. mgr. 29. gr. Sama á við um sambúðarforeldri sem fer með forsjá barns samkvæmt sama ákvæði.

### **54. gr. - Meðlag með barni við skipan forsjár þess.**

Meðlagsgreiðslur með barni skal ávallt ákveða við skilnað foreldra að borði og sæng og við lögskilnað, svo og við ákvörðun um forsjá barns vegna slita foreldra á sambúð, sem skráð hefur verið í þjóðskrá. Sama á við þegar foreldrar gera með sér samning um breytingu á forsjá skv. 32. gr.

### **55. gr. - Samningur um meðlag.**

Samningur um meðlag með barni er því aðeins gildur að sýslumaður staðfesti hann eða að gerð sé sátt fyrir dómi um meðlagið.

Eigi er heimilt að semja um lægra meðlag en barnalífeyri nemur eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar. Nefnist það einfalt meðlag í lögum þessum.

Eigi má takmarka meðlagsskyldu foreldris við lægri aldur barns en 18 ár. Þegar svo háttar til að foreldrar gera með sér tímabundinn samning um forsjá, sbr. 4. mgr. 32. gr., er þó heimilt að semja um meðlagsgreiðslur til jafnlangs tíma og forsjá er ákveðin samkvæmt samningnum.

### **56. gr. - Hverjir krafist geta meðlags.**

Sá sem stendur straum af útgjöldum vegna framfærslu barns getur krafist þess að meðlag sé ákveðið og innheimt, enda hafi viðkomandi forsjá barns eða barn búi hjá honum samkvæmt lögmatrí skipan. [ ... ]

### **57. gr. - Úrskurður eða dómur um meðlag.**

Nú fullnægir foreldri ekki framfærsluskyldu sinni gagnvart barni og getur sýslumaður þá úrskurðað það til greiðslu meðlags með því. Meðlag verður þó ekki ákvarðað lengra aftur í tímann en eitt ár frá því að krafa var sett fram nema alveg sérstakar ástæður leiði til þess.

Meðlag skal ákveða með hliðsjón af þörfum barns og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra.

Í meðlagsúrskurði má hvorki ákveða lægri meðlagsgreiðslu en einfalt meðlag né heldur takmarka meðlagsskyldu foreldris við lægri aldur barns en 18 ár.

Þegar svo háttar til að foreldrar hafa gert með sér tímabundinn samning um forsjá, sbr. 4. mgr. 32. gr., er þó heimilt að úrskurða meðlag til jafnlangs tíma og forsjá er ákveðin samkvæmt samningnum.

Dómsmálaráðuneytið gefur út leiðbeiningar um viðmiðunarfjárhæðir vegna krafna um meðlag umfram lágmarksmeðlag skv. 3. mgr.

Þegar dómari sker úr ágreiningsmáli um faðerni eða forsjá barns skal hann einnig, að kröfu, leysa úr ágreiningi um meðlag í dómi samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

### **58. gr. - Sérákvæði um framfærsluskyldu.**

Nú hefur faðir barns sett dómi fyrir brot skv. XXII. kafla almennra hegningarlaga gagnvart móður þess og telja verður að barn sé getið við þessa háttsemi og er þá heimilt að úrskurða hann til að kosta framfærslu barns að öllu leyti.

### **59. gr. - Úrskurður um meðlagsgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins.**

Nú hefur verið sett fram krafa um meðlag með barni, en fyrirjafnanlegt er að mál muni dragast á langinn þar sem foreldri, sem krafa beinist gegn, er búsett erlendis eða sérstökum örðugleikum er bundið að ná til þess og getur þá sýslumaður kveðið upp bráðabirgðaúrskurð um meðlag með barninu frá Tryggingastofnun ríkisins. Bráðabirgðameðlag verður ekki ákvarðað hærra en nemur einföldu meðlagi og ekki lengra aftur í tímann en krafan á hendur foreldri tekur til. Slík krafa verður þó aldrei úrskurðuð lengra aftur í tímann en eitt ár, enda hafi barnið verið búsett hér á landi þann tíma. Bráðabirgðameðlag, sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir samkvæmt þessari málsgrein, verður innheimt hjá hinu meðlagsskylda foreldri í samræmi við úrskurð sýslumanns á hendur því en er óafturkræft að öðru leyti.

Ef svo háttar til að foreldri, sem er búsett erlendis, hefur með erlendra ákvörðun verið gert að greiða foreldri barns, sem búsett er hér á landi, meðlag með því, sem er lægra en einfalt meðlag, getur sýslumaður úrskurðað að Tryggingastofnun ríkisins greiði til foreldris sem barn býr hjá meðlag sem nemur mismuninum á fjárhæð meðlagsins og einföldu meðlagi. Ef ákveðið hefur verið í erlendra meðlagsákvörðun að foreldri, sem er búsett erlendis, skuli ekki greiða meðlag með barni getur sýslumaður úrskurðað að Tryggingastofnun ríkisins greiði einfalt meðlag til foreldris sem barn býr hjá.

### **60. gr. - Úrskurður vegna sérstakra útgjalda. 60. gr.**

Heimilt er að úrskurða þann sem meðlagsskyldur er til að inna af hendi sérstakt framlag vegna útgjalda við skím barns, fermingu, gleraugnakaup, tannréttingar, vegna sjúkdóms, greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni.

Framlag skv. 1. mgr. verður því aðeins úrskurðað að krafa um það sé uppi höfð við sýslumann innan þriggja mánaða frá því að svara varð til útgjalda nema eðlileg ástæða hafi verið til að bíða með slíka kröfu.

Dómsmálaráðuneytið gefur út leiðbeiningar um viðmiðunarfjárhæðir vegna krafna um sérstök framlög samkvæmt þessari grein.

### **61. gr. - Lok framfærsluskyldu.**

Framfærsluskyldu lýkur er barn verður 18 ára.

Skyldu til greiðslu meðlags lýkur fyrir þann tíma ef barn gengur í hjúskap nema sýslumaður ákveði annað.

### **62. gr. - Framlag til menntunar eða starfsþjálfunar.**

Þrátt fyrir ákvæði 61. gr. er heimilt að úrskurða foreldri til að greiða barni sínu framlag til menntunar eða starfsþjálfunar samkvæmt kröfu þess frá 18 ára aldri og allt til þess er það nær 20 ára aldri. Ákvæði 2. másl. 1. mgr. 57. gr. á hér við að sínu leyti.

Sýslumaður getur breytt úrskurði skv. 1. mgr. ef rökstudd krafa kemur fram um það, enda sé sýnt fram á að hagir foreldris eða barns hafi breyst.

### **63. gr. - Greiðsla meðlags.**

Meðlag skal greiða mánaðarlega fyrir fram nema annað sé löglega ákveðið.

Meðlag samkvæmt ákvæðum þessa kafla tilheyrir barni og skal notað í þágu þess. Sá sem krafist getur meðlags skv. 56. gr. innheimtir þó meðlag og tekur við greiðslum þess í eigin nafni.

### **64. gr. - Breyting á samningi eða dómsátt um meðlag.**

Sýslumaður getur með úrskurði breytt staðfestum samningi um meðlag eða dómsátt, sbr. 55. gr., ef rökstudd krafa kemur fram um það, ef a. aðstæður hafa breyst verulega, b. samningur eða dómsátt gengur í berhögð við þarfir barns eða c. samningur eða dómsátt er ekki í samræmi við fjárhagsstöðu foreldra.

Ákvörðun um meðlag, sem fallið er í gjaldgaga áður en krafa er uppi höfð, verður þó ekki breytt nema alveg sérstakar ástæður leiði til þess.

### **65. gr. - Breyting á úrskurði eða dómi um meðlag.**

Sýslumaður getur breytt meðlagsúrskurði stjórnvalds og ákvörðun um meðlag, sem tekin hefur verið með dómi, ef rökstudd krafa kemur fram um það, enda sé sýnt fram á að hagir foreldra eða barns hafi breyst.

Ákvæði 2. mgr. 64. gr. á hér við að sínu leyti um meðlagsúrskurði stjórnvalda.

### **66. gr. - Fjárnámsheimild.**

Gera má fjárnám fyrir meðlagi á grundvelli dóms, dómsáttar eða úrskurðar. Hið sama gildir um aðrar greiðslur sem sýslumaður úrskurðar skv. IV. og IX. kafla. Fyrir greiðslum skv. 1. mgr., sem samningur staðfestur af sýslumanni tekur til, má einnig gera fjárnám.

### **67. gr. - Greiðsluskylda Tryggingastofnunar ríkisins.**

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða réthafa greiðslna skv. IV. og IX. kafla, sem búsettur er hér á landi, samkvæmt dómi, dómsátt, úrskurði sýslumanns eða samningi staðfestum af honum, þó innan þeirra marka sem lög um almannatryggingar setja.